

Code Red[®] Neyðarflutningastóll

Tækniupplýsingar

- Ytri mál, í notkun: 90 x 52 x 132 cm (LxBxH)
- Ytri mál samanbrotinn: 112 x 52 x 20 cm (LxBxH)
- Nettóþyngd: 10 kg
- Brúttóþyngd: 12 kg
- Hámarks burðargeta: 159 kg
- Ábyrgð: 5 ár

Neyðarflutningastóll – Notkunarleiðbeiningar

- Stóllinn er hannaður til notkunar fyrir einn starfsmann.
- Tvö belti veita hámarksöryggi.
- Á stólnum eru fjögur hjól, og er hann auðveldur í notkun á sléttu undirlagi og ef fara þarf niður stiga.
- Framleiddur úr álblöndu, sem tryggir lítinn þunga, þægindi og öryggi í burði og notkun. Auðvelt er að sótthreinsa stóllinn.

Höfuðstuðningur dreginn út

Til þess að draga út höfuðstuðninginn, skal draga svamphandfangið þéttingsfast upp á við þar til armar eru fullútdregnir. Þá munu tvær krækjur hindra að armarnir renni aftur niður. Ýtið á krækjurnar að notkun lokinni þegar stóllinn er lagður saman.

Stóllinn opnaður

Á neyðarflutningastólnum eru fjögur hjól. Aftari hjólin eru minni og er ýtt inn á við í samanbrotinni stöðu. Þeim má auðveldlega ýta í rétta stöðu með fæti, sé stólnum samtímis lyft að aftan með handfanginu. Stóllinn hallar nú 45 gráður aftur. Að þessu loknu má leggja sætið í rétta stöðu, og ýta stöngunum sem tengdar eru afturhjólum upp á við þar til þær læsast.

Farið niður stiga

Stóllinn ætti nú að standa á öllum fjórum hjólunum og vera tilbúinn til notkunar. Þegar sjúklingur/einstaklingur hefur verið tryggilega festur með beltum og höfuðstuðningi stólsins, er stólnum ýtt að stigabrun. Afturhjólum er nú ýtt inn og upp, þannig að stóllinn hvíli á skriðbeltunum. Sýnið fulla aðgát og ýtið stólnum varlega fram af efstu tröppu. Skriðbeltin tryggja nú jafna hreyfingu með fyllsta öryggi niður stigann, á þeim hraða sem starfsmaður kýs, án þess að sjúklingur hallist fram fyrir sig. Þegar niður er komið má ýta afturhjólum til baka og aka stólnum áfram.

Stóll festur við vegg

Gangið úr skugga um að stólfestingin sé tryggilega fest við vegginn. Leggið stóllinn saman og hengið á festinguna með efsta þverbita á afturhjólastelli hans.